



Kennari/ar: Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: TDT

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið fjölþættrar menningar kannaðar. Þetta er verkefnavinna þar sem nemendur kryfja viðfangsefni í ljósi margra þátta, t.d. myndlistar, bygginga, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar. Í ferlinu þarf að sundurgreina efnið, skipuleggja vinnuna, tengja efnisþætti og velja sjónarhorn. Gert er ráð fyrir að jafnaðarlega sé staldrað við og skipulega rætt um aðferðir, eðli heimilda, tengsl efnisþátta og möguleika á heildarmynd.

Hér á eftir eru taldir helstu efnisþættir áfangans. Verður áfanganum skipt í þrjá hluta og verða verkefni og umræður í hverjum hluta. Mun hver hluti veita innsýn inn í hugarheim þess tíma.

Grísk og rómversk klassík. Upphaf kristni.

Frá Endurreisn til Barokks.

18. og 19. Öld.

Farið verður yfir þessa þætti í tímum, nemendur munu ræða þá og vinna verkefni sem tengjast þessum tímabilum. Kennsluáðferðir og námsmat byggjast að miklu leyti á verkefnavinnu nemenda undir leiðsögn og í samvinnu við kennarann. Munu nemendur svara spurningum í tíma eftir hvern fyrirlestur og safna þeim saman í skilamöppu. Einnig verða umræður í tíma sem byggjast á lesefninu. Hópar verða myndaðir sem munu ræða viðfangsefni námsbókarinnar. Nemendur munu lesa ævisögu og vinna upp úr henni. Framlag þeirra getur birst sem fyrirlestrar, upplestrar, sýningar, tónlistarflutningur eða önnur skyld framsetning. Við flutning verkefna er lagt til að nemendur noti frumlegar leiðir til þess að koma efninu til skila.

Þekking, leikni og hæfni

Þekkingarviðmið:

Nemandi afli sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu þáttum í mótun vestrænnar menningar frá fornöld fram á 19. öld
- Orsökum þeirra og áhrifum á framvindun mála.
- Heimildaöflun
- Kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á ítarlegri heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Færa rök fyrir máli sínu
- Nota heimildaskrá
- Skrifa fræðilega texta
- Geti lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarás í stórum dráttum.
- Skýra helstu viðburði viðfangsefnisins.
- Geri greinarmun á staðreynd og túlkun.
- Dragi sjálfur ályktanir og taki afstöðu til mála.
- Að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt.
- Fært rök fyrir niðurstöðum.
- Geri sér grein fyrir orsakir og afleiðingar.
- Geti rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- Tengt atburði menningasögunnar við okkar tíma.
- Geti sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli.

Námsefni:

Kennslubók: **Þættir úr menningarsögu** eftir Heiðrúnu Geirsdóttur, Jón Gunnar Þorsteinsson og Margræti Gunnarsdóttur. Vefheimildir, bækur á bókasafni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni	Próf
1	1. Trú, guðir, upphaf heimspekinnar 2. Sjálfsmýnd Grikkja	
2	3. Heimspeki og listir 4. Hellenismi breiðist út	
3	5. Hellenismi og Róm	Próf 1

4	6. Menning í Róm 7. Keisaratíminn í Róm	
5	8. Trúarlíf í Róm	Próf 2
6	Ævisöguverkefni hefst	
7	Ævisöguverkefni	
8	9. Upphaf kristni - kirkjufeður 10. Karlamagnús og Mikligarður	
9	11. Islam og krossferðir 12. Endurreisn	
10		Próf 3
11	13. Endurreisn og einstaklingurinn 14. Barokk, einvaldar og hirðlíf	
12	15. Holland 16. Öld óhófs og upplýsingar Lokaverkefni: Hvert er gildi menningar?	
13	17. 19. Öldin Undirbúningur undir munnlegt próf	
14		Próf 3 – Munnlegt próf
15	Skrap	

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur taki þátt í verkefnaflutningi og skilum, auk þess sem þeir hlusti á verkefni annarra. Í hópvinnu flytur allur hópurinn svo sitt verkefni. Nemendur skulu skila verkefnum á réttum tíma. Ef nemandi getur ekki skilað/flutt verkefni á réttum tíma skal sá hinn sami hafa samband við kennara og greina honum frá ástæðum. Sein skil geta dregið niður einkunn verkefnissins. Nemendur fæddir 1997 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Mæting og þátttaka er forsenda skilamöppunnar og þeir nemendur sem eru með 75% mætingu eða minna þurfa að taka próf í staðin fyrir skilamöppu í lokavíkunni.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	25%
Umræðuhópar	Þátttaka og virkni	10%
Hlutapróf	Skrifleg próf	20%
Ævisöguverkefni	Stutt samantekt	20%

Munnleg próf	Munnlegur flutningur	15%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

Skipulag áfangans

Í áfanganum verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarnáms og verður lögð áhersla á ábyrgð nemenda á framvindu eigin náms. Almennt verða ekki gefnar hefðbundnar einkunnir, heldur eru endurgjafir í formi leiðbeinandi umsagna.

Mikilvægt er að nemendur vinni skilamöppu (spurningar, tímaása og leiðréttingar) jafnóðum og mun verða tekið stöðumat á möppum reglulega yfir önnina. Þátttaka í umræðuhópum skiptir miklu máli til að auka skilning nemenda á viðfangsefninu og verða nemendur að meta sína eigin vinnu og þátttöku í umræðuhópunum.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

14. ágúst 2017 Tómas Davíð Ibsen Tómasson